

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2016

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku. (259. mál)**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, 259. máls á þingskjali 284.


Félag atvinnurekenda telur enga ástæðu til mæla með að frumvarp þetta verði að lögum. Með því tæki Alþingi í raun fram fyrir hendurnar á samtökum atvinnurekenda og launþega sem semja sín á milli um kaup og kjör, þar á meðal lengd vinnutíma. Í því samhengi er athygli vakin á 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár þar sem fram tryggður er réttur manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Sú lagabreyting sem lögð er til í frumvarpinu er jafnframt illa rökstudd í greinargerð og að einhverju leyti byggð á röngum upplýsingum.

Með því að kveða í lögum á um styttingu dagvinnutímabils án þess að laun breytist væri Alþingi í raun að ákveða umtalsverða hækkun launakostnaðar atvinnurekenda. Flutningsmenn virðast halda að stytting vinnutíma með lagaboði sé leið til að auka framleiðni í atvinnulífinu og stytta vinnudag fólks. Hvort tveggja eru góð og nauðsynleg markmið, en verkefnið augljóslega flóknara en svo að stjórnámamenn geti tekið að sér að leysa það með pennastriki. Nær er að markmiðunum sé náð með samkomulagi milli atvinnurekenda og launþega um breytingar á vinnufyrirkomulagi og þá hugsanlega einnig vinnutíma.

Undanfarna áratugi hefur aukin framleiðni stuðlað að því að draga verulega úr yfirvinnu Íslenskra launþega. Í greinargerð frumvarpsins er því haldið fram að meðalvinnuvikan á Íslandi sé um 40 stundir og að Íslendingar vinni hvað mest allra Evrópuþjóða. Þarna virðist horft framhjá því að virkur vinnutími (vinnutími að frátöldum neytluhléum) er samkvæmt mörgum kjarasamningum, m.a. samningum sem FA hefur gert við viðsejendur sína, um 37 stundir. Sé síðan horft til fjölda lög- og kjarasamningsbundinna frídaga og lengdar sumarleyfa samkvæmt kjarasamningum er vinnutími Íslenskra launþega yfir árið styttri en hjá flestum öðrum Evrópuþjóðum. Krafa um styttingu dagvinnutíma hefur ekki verið áberandi í kröfugerð stéttarfélaga í kjaraviðræðum undanfarin ár.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri við þingnefndina frekari athugasemdum og upplýsingum. Þá er félagið reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA